



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Varðveisla upplýsinga og ný persónuverndarlög

Njörður Sigurðsson

sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Óvissa um áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar

- Þjóðskjalasafn hefur í vetur svarað ýmsum spurningum um áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar á skjalasöfn afhendingarskyldra aðila, m.a.:
 - Á ekki að eyða öllum persónuupplýsingum?
 - Má stofnunin varðveita persónuupplýsingar?
 - Getur einstaklingur óskað eftir eyðingu á skjölum er varða hann í skjalasafni stofnunar?
 - Kallar nýja löggjöfin á breytingar á lögum og reglum er varða skjalavörslu og skjalastjórn?



Svörin

- Ný persónuverndarlöggjöf hefur ekki áhrif á varðveislu skjala afhendingarskyldra aðila
- Kallar ekki á breytingar á lögum og reglum sem gilda um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila
- Um varðveislu skjala og gagna afhendingarskyldra aðila gilda lög um opinber skjalasöfn
- Um meðferð persónuupplýsinga gilda persónuverndarlög



Persónuverndarlög vs. lög um opinber skjalasöfn

- Sérög ganga framur almennum lögum
- Lög um opinber skjalasöfn eru sérög gagnvart persónuverndarlögum
 - Því gilda lög um opinber skjalasöfn og reglur sem settar eru á grundvelli laganna um alla skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila
 - Þar með talið gilda lögin um varðveislu og eyðingu skjala afhendingarskyldra aðila:
 - „Óheimilt er að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum þeirra aðila sem falla undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. nema það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar, reglna skv. 23. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar eða sérstaks lagaákvæðis.“ (24. gr. laga nr. 77/2014)
- Sjá einnig umfjöllun Vigdísar Evu Líndal á Youtube-rás ÞÍ:
<https://youtu.be/mbWQGWqVJ9o>



Rétturinn til að gleymast

- Einstaklingur hefur rétt á að persónuupplýsingum um hann sé eytt af tilteknum ástæðum skv. persónuverndarlöggjöf ESB, gildir ekki þar sem vinnsla er nauðsynleg:
 - a) til að neyta réttarins til tjáningar- og upplýsingafrelsis,
 - b) til að framfylgja lagaskyldu um vinnslu sem hvílir á ábyrgðaraðilanum samkvæmt lögum Sambandsins eða lögum aðildarríkis eða vegna verkefnis sem er unnið í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með,
 - c) með skírskotun til almannahagsmuna á sviði lýðheilsu
 - d) vegna skjalavistunar í þágu almannahagsmuna, rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi
 - e) til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.
- Ákvæði um réttinn til að gleymast er fyrst og fremst beint að upplýsingum á netinu
- Ekki er hægt að óska eftir að upplýsingum í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila sé eytt með vísan í réttinn til að gleymast



Rétturinn til að gleymast

- „The right to be forgotten is not about rewriting history. The Commission’s proposal protects freedom of expression and the freedom of the media, as well as historical and scientific research. It provides exemptions for these sectors asking Member States to adopt national laws to guarantee the respect of these fundamental rights. This allows archives to continue operating on the basis of the same principles as today. Equally, personal data may be kept for as long as it is needed to carry out a contract or to meet a legal obligation (for example when citizens have a loan contract with their bank). In short, the right to be forgotten is not absolute and does not affect historical research or the freedom of the press.” (*European Commission Memo 14/60*, http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-14-60_en.htm)



Að lokum

- Skjöl og gögn verða til í starfsemi afhendingarskyldra aðila við úrvinnslu lögbundinna verkefna
 - Skjöl eru varðveitt til að tryggja réttindi almennra borgara, lögvarða hagsmuni stjórn-sýslunnar og sögulegar upplýsingar og þekkingu sem mikilvægan þátt í íslenskri menningu
- „Markmið laga þessara er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórn-sýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.“ (1. gr. laga nr. 77/2014)

